

Mál nr. 6

Fjölur gegn Víkung/Berserkur

Kæra Fjölur:

Dómkröfur

Ungmennafélagið Fjölur krefst þess að úrslitum í leik félagsins við Víkung Reykjavík í 2. flokki karla, B – deild, sem spilaður var þann 9. júlí síðastliðinn kl. 20.00 á Víkungsvelli verði breytt og Ungmennafélaginu Fjölur dæmdur 3 – 0 sigur í leik liðanna.

Málavextir

Í leik Ungmennafélagsins Fjölur og Víkung á Víkungsvelli í 2. flokk, B – deild var einn leikmaður Víkung, Jón Steinar Ágústsson kt. 210588 - 3619 ólöglegur vegna leikbanns. Hann var dæmdur í 1. leiks bann vegna 4. gulra spjalda á agafundi þann 3. júlí síðastliðinn.

Tilvísun

“40.1. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 200.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 30.000.”

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til eftirtaldrá ákvæða í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót: 40.1. gr. Ólöglega skipað lið. Telur kærandi að Víkung Reykjavík hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði þar sem einn leikmaður liðsins hafi verið í leikbanni og hafi því brotið gegn 40. gr. og skv. því beri að dæma að Víkungur hafi tapað leiknum 0-3.

Röksemdir

Í leik liðanna Víkung Reykjavík – Ungmennafélaginu Fjölur sem spilaður var þann 9. júlí síðastliðinn spilaði Jón Steinar Ágústsson kt. 210588 - 3619 þrátt fyrir að hafa verið dæmdur í leikbann þann 3. júlí síðastliðinn og hafi hann átt að byrja í leikbanni á hádegi föstudaginn 6. júlí. Þar sem hann var úrskurðaður í leikbann vegna 4 gulra spjalda.

Sönnunargögn:

Máli okkar til stuðnings sendum við inn afrit af leikskýrslunni úr leik liðanna og afriti af fundargerðinni þegar Jón Steinar Ágústsson kt. 210588 - 3619 var dæmdur í leikbann.

Vitni

Nafn: Helgi Kristinsson

Kennitala: ___300189-3189_____

Heimilisfang: _____

Nafn: Valdimar Unnar Jóhannsson

Kennitala: ___250689-2179_____

Heimilisfang: _____

f.h. knattspyrnudeildar Fjölnis
Ásgeir Heimir Guðmundsson

Greinargerð Berserkja

Greinargerð þessi innheldur varnir gegn óundirritaðri og ódagsettri kæru

Fyrirsvarmaður Berserkja og þal kærða vil taka fram að kærði í þessu máli eigi að vera Knattspyrnufélagið Berserkir, Traðarlandi 1, sími 6699690, fax 588-7845 og netfang kfberserkir@gmail.com þar sem umræddur leikmaður sem talin er ólöglegur er leikmaður Knattspyrnufélagsins Berserkja og lék þennan leik með sameiginlegum 2. flokki Berserkja og Víkinga. Vegna þessa mun greinargerð þessi framvegis vitna til kærða sem Knattspyrnufélags Berksekja.

Kærði sættir sig þó við kæru þá sem send er frá Fjölni og mun halda uppi vörnum gegn henni. Kærði gerir því ekki kröfu til þess að máli verði vísað frá vegna formgalla, sbr 3. mgr 7 gr reglugerðar KSÍ um aga og úrskurðanefnd þó svo að finna megi ítrekaða formgalla á kæru.

Kröfur kærða

Kærði krefst þess að úrslit úr leik Víkinga/Berserkja og Fjölnis í 2. flokki karla þann 9/3 2007 verði látin standa.

Til vara krefst kærði þess að leikurinn verði endurleikinn og fyrri leikur dæmdur ógildur.

Málavextir

Þann 9/7 fór fram leikur 2. flokks Víkinga/Berserkja og Fjölnis á velli Víkinga að Traðarlandi 1. Kærandi kærir leik á þeim forsendum að í liði Víkinga/Berserkja hafi verið ólöglegur leikmaður skv. 40 gr, 1. mgr reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Leikmaður sá heitir Jón Steinar Ágústsson, kt 2105883619. Mun hann hafa verið ólölegur vegna dóms aganefndar KSÍ um leikbann þann 3/7 2007 þar sem hann var dæmdur í leikbann vegna 4 áminninga. Skv. 2 mgr., 9 gr. reglugerðar KSÍ um aga og úrskuðramál öðlast bannið gildi á hádegi næsta föstudag, sem í þessu tilviki er föstudagurinn 6/7 2007. Leikmaðurinn hefur þó ekki afgerandi áhrif á úrslit leiksins og spilar aðeins hluta hans.

Málsvextir að ofan er skv þeim málsvöxtum sem lýst er af forsvarsmanni Fjölnis í kæru kæranda. Kærði hefur þó þessu við að bæta.

Lið Fjölfnis var einnig ólöglega skipað skv. 1 mgr. 40 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem nokkrir aðilar sem ekki voru á leikskýrslu hafi tekið þátt í leiknum sem hluti af liðsstjórn Fjölfnis í umræddum leik.

Kærði játar á sig að umræddur leikmaður hafi verið í banni í umræddum leik. Kærði býðst velvirðingar á þeim mistökum sínum. Ástæður þessara mistaka eru þær að misskilningur varð milli þjálfara og stjórnar Berserkja sem leiddi til þess að leikmaður spilaði þennan leik. Vegna mistaka og vanþekkingu þjálfara á lögum KSÍ lék umræddur leikmaður ekki leik Víkings/Berserkja og Aftureldingar/Hvíta Riddarans þann 4/7 2007, daginn eftir úrskurð aganefndar. Vegna mistaka er hann engu að síður skráður í liðsstjórn Víkings/Berserkja en leikmaður hafi mætt til að fylgjast með leiknum af áhorfendasvæði. Hann hafi, vegna vanþekkinu á lögum því óskað eftir að fá að sitja á varamannabekk Víkings/Berserkja og þal skráður á skýrslu. Þetta er mál sem hefur verið tekið á innan félagsins og mun vera lögð aukin vinna í að tryggja að þetta endurtaki sig ekki. Knattspyrnufélagið Berserkir vil taka fram að þetta er fyrsta brot en félagið hefur alla jafna lagt mikin metnað í sína leiki og alla þá umgjörð sem þeim fylgir og er í þeirri meiningu að allir gestkomandi í leikjum Berserkja hafi verið ánægðir með aðbúnað og aðstöðu sína. Óskar kærði því eftir að tekið sé tillit til þessa við uppkvaðningu dóms.

Tilvísanir

Eins fram hefur komið og er endurtekið hér vitnar kærði í eftirfarandi reglugerðir:

1. mgr 40 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót,

Röksemdir

Til stuðnings við kröfu sína endurtekur kærði að lið Fjölfnis hafi einnig verið ólöglega skipað og til staðfestingar þess nefnir kærði frásagnir skráðra vitna og upptöku af leik liðanna. Teljum við því að bæði lið hafi gerst brotleg við reglugerðir KSÍ til jafns og því bera að refsa báðum liðum til jafns.

Einnig endurtekur kærði eftirfarandi:

“Kærði játar á sig að umræddur leikmaður hafi verið í banni í umræddum leik. Kærði býðst velvirðingar á þeim mistökum sínum. Ástæður þessara mistaka eru þær að misskilningur varð milli þjálfara og stjórnar Berserkja sem leiddi til þess að leikmaður spilaði þennan leik. Vegna mistaka og vanþekkingu þjálfara á lögum KSÍ lék umræddur leikmaður ekki leik Víkings/Berserkja og Aftureldingar/Hvíta Riddarans þann 4/7 2007, daginn eftir úrskurð aganefndar. Vegna mistaka er hann engu að síður skráður í liðsstjórn Víkings/Berserkja en leikmaður hafi mætt til að fylgjast með leiknum af áhorfendasvæði. Hann hafi, vegna vanþekkinu á lögum því óskað eftir að fá að stíja á varamannabekk Víkings/Berserkja og þal skráður á skýrslu. Þetta er mál sem hefur verið tekið á innan félagsins og mun vera lögð aukin vinna í að tryggja að þetta endurtaki sig ekki. Knattspyrnufélagið Berserkir vil taka fram að þetta er fyrsta brot en félagið hefur alla jafna lagt mikin metnað í sína leiki og alla þá umgjörð sem þeim fylgir og er í þeirri meiningu að allir gestkomandi í leikjum Berserkja hafi verið ánægðir með aðbúnað og aðstöðu sína. Óskar kærði því eftir að tekið sé tillit til þessa við uppkvaðningu dóms.”

Sönnunargögn

Sönnunargagn 1.

Afrit af leikskýrslu Víkings/Berserkja og Aftureldingar/Hvíta Riddarans frá 4/7 2007 Sönnunargagn 2.

Myndbandsupptaka af leik Víkings/Berserkja og Fjölris. Myndbandsupptöku þessari er aðallega ætlað að veita stuðning við þann vitnisburð sem vitni kærða myndu leggja fram.

Vitni

Vitni 1.

Kristján Sigurður Fjeldsted Jónsson, kt 2101683899, þjálfari.

Vitni 2.

Viktor Sigurjónsson, kt. 1012889919, leikmaður.

Vitni 4.

Gunnlaugur Júlíusson, kt 0809522019, Aðstoðardómari 2

Vitni 5

Guðmundur Sigurgeirsson, kt 2412563289, Aðstoðardómari 1

Fyrir hönd Berserkja

Sigurhjörtur Snorrason

Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2007, þriðjudaginn 7.ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Helgi R. Magnússyni og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2007:

Knattspyrnudeild Fjölris

gegn

Berserkjum

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi: Knattspyrnudeild Fjölris

Kennitala:690193-3299

Heimilisfang: Dalhús 2, 112 Reykjavík

Fyrirsvarsmáður kæranda:

Ásgeir Heimir Guðmundsson

Kennitala:240762-2349

Kærði:

Nafn: Knattspyrnufélagið Víkingur

Kennitala:700693-0789

Heimilisfang: Traðarland 1, Reykjavík

og

Knattspyrnufélagið Berserkir

Kennitala:

Heimilisfang: Traðarland 1, Reykjavík

Dómkröfur: Ungmennafélagið Fjölnir krefst þess að úrslitum í leik félagsins við Víking Reykjavík í 2. flokki karla, B-deild, sem leikinn var þann 9. júlí síðastliðinn kl. 20.00 á Víkingsvelli verði breytt og Ungmennafélaginu Fjölni dæmdur 3 – 0 sigur í leik liðanna.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum í stórum dráttum á eftirfarandi hátt: Í leik Ungmennafélagsins Fjölnis og Víkings á Víkingsvelli í 2. flokk, B-deild þann 9. júlí s.l. var einn leikmaður Víkings, Jón Steinar Ágústsson kt. 210588-3619 ólöglegur vegna leikbanns. Hann var dæmdur í eins leiks bann vegna 4 gultra spjalda á fundi Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ þann 3. júlí síðastliðinn. Hafi hann átt að byrja í leikbanni á hádegi föstudaginn 6. júlí 2007.

Kærandi vísar máli sínu til stuðnings til ákvæða í grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót um ólöglega skipað lið. Telur kærandi að Víkingur Reykjavík hafi teft fram ólöglega skipuðu liði þar sem einn leikmaður liðsins hafi verið í leikbanni og hafi því brotið gegn 40. gr. og samkvæmt því beri að dæma að Víkingur hafi tapað leiknum 0-3.

Máli sínu til frekari stuðnings leggur kærandi fram afrit af leikskýrslunni úr leik liðanna og afriti af fundargerð Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ þegar Jón Steinar Ágústsson kt. 210588-3619 var dæmdur í leikbann. Ennfremur er áskilinn réttur að kalla tvö vitni fyrir nefndina.

III.**Um form**

Fyrirsvarsmáður hin kærða félags Berserkja tekur fram að kærði í þessu máli eigi að vera Knattspyrnufélagið Berserkir, Traðarlandi 1, þar sem umræddur leikmaður sem

talin er ólöglegur er leikmaður Knattspyrnufélagsins Berserkja og lék þennan leik með sameiginlegum 2. flokki Berserkja og Víkinga.

Kærði sættir sig þó við kæru þá sem send er frá Fjölni og heldur uppi efnisvörnum í málinu. Af því leiðir að kærði gerir ekki kröfu til þess að máli verði vísað frá vegna formgalla, sbr 3. mgr 7 gr reglugerðar KSÍ um aga og úrskurðanefnd þó svo að finna megi ítrekaða formgalla á kæru.

Um efni

Kærði krefst þess að úrslit úr leik Víkings/Berserkja og Fjölnis í 2. flokki karla þann 9/3 2007 verði látin standa.

Til vara krefst kærði þess að leikurinn verði endurleikinn og fyrri leikur dæmdur ógildur.

Málsatvik og varnir

Viðurkennt er í greinargerð kærða að þann 9/7 s.l. hafi ólöglegur leikmaður, Jón Steinar Ágústsson, kt 2105883619 leikið með 2. flokki Víkings/Berserkja gegn Fjölni á velli Víkings að Traðarlandi 1. Orðrétt segir síðan í greinargerðinni: "Mun hann hafa verið ólöglegur vegna dóms aganefndar KSÍ um leikbann þann 3/7 2007 þar sem hann var dæmdur í leikbann vegna 4 áminninga. Skv. 2 mgr., 9 gr. reglugerðar KSÍ um aga og úrskurðarmál öðlast bannið gildi á hádegi næsta föstudag, sem í þessu tilviki er föstudagurinn 6/7 2007. Leikmaðurinn hefur þó ekki afgerandi áhrif á úrslit leiksins og spilar aðeins hluta hans.

Málsvextir að ofan er skv þeim málsvöxtum sem lýst er af forsvarsmanni Fjölnis í kæru kæranda. Kærði hefur þó þessu við að bæta.

Lið Fjölnis var einnig ólöglega skipað skv. 1 mgr. 40 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem nokkrir aðilar sem ekki voru á leikskýrslu hafi tekið þátt í leiknum sem hluti af liðsstjórn Fjölnis í umræddum leik.

Kærði játar á sig að umræddur leikmaður hafi verið í banni í umræddum leik. Kærði byðst velvirðingar á þeim mistökum sínum. Ástæður þessara mistaka eru þær að misskilningur varð milli þjálfara og stjórnar Berserkja sem leiddi til þess að leikmaður spilaði þennan leik. Vegna mistaka og vanþekkingu þjálfara á lögum KSÍ lék umræddur leikmaður ekki leik Víkings/Berserkja og Aftureldingar/Hvíta Riddarans þann 4/7 2007, daginn eftir úrskurð aganefndar. Vegna mistaka er hann engu að síður skráður í liðsstjórn Víkings/Berserkja en leikmaður hafi mætt til að fylgjast með leiknum af áhorfendasvæði. Hann hafi, vegna vanþekkinu á lögum því óskað eftir að fá að stíja á varamannabekk Víkings/Berserkja og þal skráður á skýrslu. Þetta er mál sem hefur verið tekið á innan félagsins og mun vera lögð aukin vinna í að tryggja að þetta endurtaki sig ekki. Knattspyrnufélagið Berserkir vil taka fram að þetta er fyrsta brot en félagið hefur alla jafna lagt mikin metnað í sína leiki og alla þá umgjörð sem þeim fylgir og er í þeirri meiningu að allir gestkomandi í leikjum Berserkja hafi verið ánægðir með aðbúnað og aðstöðu sína. Óskar kærði því eftir að tekið sé tillit til þessa við uppkvaðningu dóms."

Niðurstaða:

Í máli þessu eru málsaðilar sammála að lið kærða hafi verið ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Rétt þykir að taka fram að úrskurðarorð þetta nær til sameiginlegs liðs Víkings og Berserkja sem sent hafa sameiginlegt lið til þátttöku á Íslandsmóti í samræmi við heimild í 14. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir með vísan til málsatvika hæfilega ákveðin kr. 5.000.-

Samkvæmt framanrituðu telst Ungmennafélagið Fjölnir, knattspyrnudeild hafa unnið framangreindan leik 0-3 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 5.000.- til KSÍ.

VI.
Úrskurðarorð:

Sameiginlegt lið Knattspyrnufélagsins Víkings og Berserkja í 2. flokki telst hafa tapað leik gegn Ungmennafélaginu Fjölni sem fram fór á Íslandsmóti á Víkingsvelli í 2. flokk, B-deild þann 9. júlí s.l. með markatölunni 3-0.

Gunnar Guðmundsson

Helgi R. Magnússon

Þröstur Ríkharðsson

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.